Fræðsla til leigjenda | Ísland

Öryggi á heimilinu

Heimstaden

Öryggi á heimilum

Einn af þeim þáttum sem við leggjum áherslu á í starfi okkar er öryggi leigjenda. Allar þær íbúðir sem við bjóðum til leigu uppfylli kröfur opinberra aðila og séu þannig útbúnar að leigjendum stafi ekki hætta af og lendi ekki í slysum eða öðru tjóni sem megi rekja til þeirra.

Þrátt fyrir góðan frágang á húsnæði getur margt gerst sem rekja má til notkunar, frágangs og meðhöndlunar á tækjum og búnaði. Það er sérstaklega mikilvægt að gæta að öryggisvörnum fyrir börn en flest slys á börnum frá fæðingu til fjögurra ára aldurs verða innan veggja heimilisins.

Eldvarnir á heimilum

Alvarlegustu tjón og slys á heimilum verða í kjölfar bruna. Reykskynjari hefur bjargað ófáum mannslífum og eldvarnarbúnaður komið í veg fyrir stórtjón. Í öllum leiguíbúðum Heimstaden er til staðar reykskynjari og slökkvitæki.

Það er hins vegar ekki nóg að hafa uppsettan reykskynjara því það þarf að skipta reglulega um rafhlöðu og kanna virkni hans.

Þetta getur þú gert:

- Kynntu þér bækling Eldvarnabandalagsins um brunavarnir á heimilum sem fylgdi leigusamning.
- Skiptu um rafhlöðu í reykskynjurum árlega t.d. 1. desember, jafnvel þótt þeir séu ekki farnir að pípa.
- Staðsettu slökkvitækið þar sem auðvelt er að grípa í það ef á þarf að halda.
- Skoðaðu leiðbeiningarnar á eldvarnateppi og slökkvitæki til þess að vera viss um að nota búnaðinn rétt ef á þarf að halda.
- Forðastu að skilja eftir logandi kerti í herbergi sem þú ert ekki í.

Rafmagn

Flestir brunar á heimilum kvikna út frá rafmagni. Eldavélar, þvottavélar, sjónvörp og þurrkarar eru algengustu tækin sem kviknar í eða út frá. Í mörgum tilfellum gleymist að slökkva á eldavél og í kjölfarið kemur upp eldur.

Dæmi er um að börn hljóti brunasár eftir að hafa verið að fikta í raftækjum eða náð að stinga hlutum inn í innstungur.

Flestir brunar á heimilum kvikna út frá rafmagni.

Þetta getur þú gert:

- Farðu helst ekki frá eldavélinni á meðan þú ert að elda en ef þú þarft að gera það þá er gott að stilla klukkuna í símanum til að minna þig á að kveikt sé á eldavélinni.
- Gott er að venja sig á að nota hellur sem eru fjær borðbrúninni.
- Forðastu að setja eldfima hluti ofan á eldavél s.s. pizzukassa.
- Slökktu alltaf á sjónvarpstækinu, ekki bara á fjarstýringunni. Þegar slökkt er á sjónvarpi með fjarstýringu þá helst straumurinn áfram á og því er brunahætta áfram fyrir hendi.
- Notaðu fjöltengi með rofa en varastu að hlaða of miklu magni af rafmagnstækjum á eitt fjöltengi.
- Láttu gera við eða hættu að nota rafmagnstæki ef það sést í vírana á snúrunni.
- Betra er að hafa létt tölvuborð, bók eða bakka undir tölvunni ef þú ætlar að nota hana uppi í rúmi eða sófa. Þannig kemur þú í veg fyrir ofhitnun.
- Ef þú ert alltaf að skipta um peru í sama ljósastæði getur það verið vísbending um að eitthvað sé bilað.
- Vendu þig á að hreinsa alltaf ló úr þurrkaranum (úr lausu síunni) til að tryggja að hann virki betur og til að koma í veg fyrir bruna.

Vatn

Það er mjög algengt að vatn leki á heimilum og skemmi bæði eigur og húsnæði. Það er þó margt hægt að gera til þess að lágmarka líkur á vatnstjóni eða takmarka skaðann ef t.d. lögn gefur sig skyndilega. Það að kunna að bregðast rétt við vatnsleka skiptir miklu máli.



Þetta getur þú gert:

- Forðastu að setja þvotta- eða uppþvottavélina af stað áður en farið er að sofa eða ef enginn er heima.
- Skoðaðu reglulega slönguna sem tengir saman þvottavél og krana. Með tímanum þornar og morknar slangan sem þýðir að hún getur gefið sig og þá skapast hætta á að vatn leki.
- Hreinsaðu reglulega niðurföll í sturtu eða baði. Þar safnast bæði hár og fita sem smám saman stífla.
- Yfir veturinn þegar mikill snjór eða klaki er, mokaðu af svölunum og frá niðurföllum til þess að vatnið leki ekki inn í hús.
- Vertu viss um að þú vitir hvar vatnsinntak húss-ins er og hvar skrúfa á fyrir heitt og kalt vatn.
- Ef það fer að leka þá skipta fyrstu viðbrögð öllu máli.
- Skrúfaðu fyrst fyrir kranann sem merktur er „heitt vatn“ og svo fyrir „kalt vatn“.
- Sýndu maka og unglingum á heimilinu hvar vatnsinntakið er og hvaða krana á að skrúfa fyrir.
- Forðastu að geyma dót fyrir sjálfri lagnagrindinni svo aðgengi sé í lagi.

Viðbrögð við leka

1.
Farðu varlega ef vatnið er heitt og hringdu strax í **112** ef fólk er í hættu.

2.
Skrúfaðu strax fyrir vatnsinntakið. Fyrst heita vatnið og svo kalda vatnið.

3.
Hafðu samband við tengilið Heimstaden. Síminn er 517 3440. Neyðarnúmer utan almenns skrifstofutíma er 571 6655.

Gardínur

Á mörgum heimilum eru rimla- eða rúllugardínur. Þessar gardínur eru oftast með lafandi bönd til að draga þær upp og niður. Því miður hefur þessi algengi búnaður orsakað alvarleg slys á börnum.

Flest slys hafa orsakast þannig að börn hafa sett böndin utan um hálsinn á sér og t.d. hoppað niður af gluggakistu, húsgögnum eða lagst niður. Við það strekkist á bandinu sem þrengir að öndunarvegi barna.

Þetta getur þú gert:

- Styttu í gardínuböndum eða komdu fyrir öryggisfestingu þannig að lykkjan sé ekki aðgengileg. (sjá myndir)
- Forðastu að hafa húsgögn t.d. í barnaherbergi upp að gluggum.

Gardínubönd eiga að vera stutt eða með öryggisfestingu þannig að lykkjan sé ekki aðgengileg börnum.

Hjá fullorðnum verða slys við að falla úr hæð oft alvarleg.

Stigar og tröppur

Oftar en ekki eru afleiðingar þess að falla úr hæð alvarlegar. Algeng orsök fallslysa meðal barna er í kjölfar þess að þau klifra upp á húsgögn eða gluggakistur og falla niður.

Hjá fullorðnum verða fallslys oft þegar notast er við stiga eða þegar stigið er upp á húsgögn eða innréttingar. Þá er hætta á að missa jafnvægið og falla niður.

Þetta getur þú gert:

- Gættu að því að undirlag stigans sé vel slétt.
- Best er að láta einhvern halda í stigann og rétta verkfæri eða annað sem verið er að nota.
- Það er gott að eiga tröppu til að nota sem er stöðugri en t.d. stólar.
- Hafðu það í huga að þegar í efstu tröppu er komið þá er alltaf hætta á að missa jafnvægið.

Eitranir

Á hverjum degi berst Eitrunarmiðstöð Landspítalans að meðaltali ein fyrirspurn á dag vegna lyfjaeitrana. Um fjórðungur fyrirspurna varðar börn sex ára og yngri.

Mjög alvarleg slys hafa orðið í kjölfar þess að börn komust í hreinsiefni t.d. fyrir uppþvottavél.

Þetta getur þú gert:

- Geymdu efni og lyf í hirslum þar sem börn ná ekki til.
- Forðastu að geyma hreinsiefni í neðri skáp eða nálægt matvælum og skildu ekki lyf eftir í veski eða á náttborði til að koma í veg fyrir að börn geti náð í þau.
- Margir blanda sín eigin hreinsiefni. Gættu þess að merkja umbúðir vel og kynntu þér hvort það megi blanda þessum efnum saman.
- Sumar plöntur innihalda eiturefni. Þær eru ekki hættulegar að horfa á en fyrir börn sem smakka á öllu geta þær reynst varasamar.
- Skilaðu gömlum lyfjum í næsta apótek frekar en að sturta þeim í vaskinn eða henda í ruslið.

Viðbrögð við eitrun

Hringdu strax í **112** ef fólk er í hættu.

Eitrunarmiðstöðin veitir upplýsingar um eitranir í síma **543 2222**, þar er opið allan sólarhringinn.

Mottur og snúrur

Þegar við hugsum um með hvaða hætti slys verða innan veggja heimilisins þá dettur okkur ekki fyrst í hug það að hrasa á jafnsléttu. Hver kannast hins vegar ekki við að renna í smá bleytu og vera næstum því dottinn? Það er einmitt svo að hrasa á jafnsléttu gólfi er ein algengasta orsök slysa á heimilum.

Þetta eru ekki alvarlegustu slysin en tognaður ökkli eða handleggsbrot getur haft mikil óþægindi í för með sér og jafnvel þýtt tímabundna óvinnufærni.

Þetta getur þú gert:

- Forðastu að hafa snúrur á gólfinu þar sem gengið er.
- Hafðu í huga að lausar mottur færast auðveldlega til og því er ekki gott að hafa þær á flísum, eða þar sem þær geta runnið undan okkur.
- Settu stamt undirlagsnet undir mottur.
- Settu stama mottu á gólf baðherbergja fyrir framan sturtu eða baðkar.

Öryggis-búnaður fyrir heimili

Börn prófa allt, svo sem að snúa tökkum á eldavélum og stinga hlutum inn í rafmagnsinnstungur. Það er til mikið af góðum öryggisbúnaði sem getur komið í veg fyrir slík slys.

Dæmi um það eru hlífar fyrir hvöss borðhorn, yfir takka eldavéla og fyrir innstungur, sem og búnaður til að koma í veg fyrir að hurðir skellist á litla putta.

Hornhlíf.

Fjöltengi með innbyggðri öryggishlíf.

Fjöltengi með innstunguhlíf.

Þetta getur þú gert:

- Skoðaðu hvað er til af öryggisbúnaði fyrir heimili til þess að koma í veg fyrir slys og settu upp það sem hentar þinni fjölskyldu.
- Hafðu samband við Miðstöð slysavarna barna og fáðu nánari upplýsingar, www.msb.is.

Vinkla er auðvelt að nota til að festa hillur og skápa við veggi.

Hurðastoppari.

Fjölnota lás má nota á mörgum stöðum. Einnig er hægt að fá öryggishlíf á eldavélatakka.



Gúmmímotta í baðkar.

Skúffu- / skápakrækja.

Gluggakrækja.

Góð og sjálfbær heimili

Heimstaden er leiðandi evrópskt fasteignafélag með sígræna framtíðarsýn. Það þýðir að við fjárfestum og rekum eignir okkar til langs tíma og tryggjum þannig fyrirsjáanleika og öryggi fyrir viðskiptavini okkar.

Gildin okkar eru undirstaða alls sem við gerum og við vinnum við stöðugt að því að auka lífsgæði viðskiptavina okkar og starfsfólks og halda úti rekstri sem er bæði sjálfbær og arðbær.

Þannig uppfyllum við framtíðarsýn okkar um að auðga og einfalda líf með vinalegum heimilum.

Heimstaden

Þjónustusími á Íslandi: 517-3440
www.heimstaden.is